

Mánudaginn 15. desember 1969.

Nr. 205/1969. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Kenneth Dean Nelson og gagnsök**

(Áki Jakobsson hrl.).

**Dómenður:**

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.**

Gæzluvarðhald. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 28. júlí 1969, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. nóvember 1969. Krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 29. september 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Að gengnum útivistardómi 3. nóvember 1969, skaut hann málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 10.000.00 bandaríkjadollara eða til vara jafnvirði í islenzkum krónum ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber þá úrlausn hans, að gagnáfrýjandi hafi öðlzt rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna gæzluvarðhaldsins. Bótakrafan er ekki fallin niður fyrir fyrningu, þar sem gagnáfrýjanda var ekki tilkynnt, svo séð verði, er hann var látinn laus úr gæzlu, né síðar um niðurfall þeirrar rannsóknar, sem beint var að honum, og ósannað er, að hann hafi fengið vitneskju um það 6 mánuðum áður en hann hafði uppi bótakröfu fyrir sakadómi, sbr. 157. gr. laga

nr. 82/1961. Við ákvörðun bótafjárhæðar ber m. a. að hafa í huga, að gagnáfrýjandi neitaði að nafngreina eiganda skammbýssu þeirrar, er hann hafði undir höndum í nóvembermánuði 1967, en skotvopnaleyfi hafði ekki verið veitt honum sjálfum. Krafa gagnáfrýjanda um greiðslu bóta í erlendri mynt hefur ekki við rök að styðjast, og skiptir ríkisfang gagnáfrýjanda eða búseta ekki máli í þessu sambandi. Þykja bætur til handa gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00, sem greiðist úr ríkissjóði ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti, sbr. 154. gr. greindra laga. Málskostnaður ákveðst í heild kr. 30.000.00.

### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Kenneth Dean Nelson, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., hefur Kenneth Dean Nelson, til heimilis að Hringbraut 65, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. október 1968, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna gæzluvarðhalds að ósekju að upphæð US dollarar 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Þá hefur stefnandi stefnt til réttargæzlu dómsmálaráðherra vegna dómsmálastjórnarinnar og yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram þá vara-kröfu, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða honum jafnvirði aðalkröfunnar í íslenskum krónum miðað við núgildandi gengi.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur gert þær réttar-kröfur, að hann verði algerlega sýknaður og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess, að stefnukrafan verði lækkuð

verulega og þá ákveðin í íslenzkri mynt. Um málskostnaðinn er það varakrafa, að hann verði látinn niður falla.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968 var leigubifreiðarstjórinn Gunnar Sigurður Tryggvason myrtur í bifreið sinni, R 461. Kl. 0715 fimmtudaginn 18. janúar 1968 var tilkynnt á lög-reglustöðina í Reykjavík, að nefnd bifreið stæði við Laugalæk og eitthvað virtist athugavert við ökumann hennar. Héðinn Skúlason og tveir aðrir lögreglumenn fóru á vettvang. Í skýrslu hins fyrstnefnda segir meðal annars eftirfarandi: „Bifreiðin stóð kyrr, en hreyfill hennar var í gangi og biðljós kveikt. Vinstri afturhurð var lögð að hurðarstaf. Ökumaður sat undir stýri bifreiðarinnar og hallaði höfði aftur að sætisbaki, líkt og hann svæfi. Sár var aftan á höfði bifreiðarstjórans, og líktist það skotsári. Var að sjá sem reyklitað væri í kringum sárið eins og eftir púður. Gjaldmælir bifreiðarinnar var í gangi, og kl. 0750 sýndi hann kr. 87.00, en skv. gjaldskrá leigubifreiðastjóra er það öku-gjald að fjárhæð kr. 560.00. Samkvæmt upplýsingum afgreiðslu-stúlku á bifreiðastöðinni Hreyfli hafði bifreiðin verið síðast send um stöðina milli kl. 0315 og 0330 og þá að Skálholtsstíg 7. Á gólfi við framsæti bifreiðarinnar hægra megin var patróna“. Ökumaðurinn var fluttur á slysavarðstofuna, og reyndist hann vera látinn.

Ingólfur Þorsteinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn rannsóknar-lögreglunnar í Reykjavík, athugaði lík hins látna. Fann hann meðal annars í bakvasa á buxum leðurveski, sem í voru kr. 1.500.00 og tékkhefti, svo og í jakkavasa kr. 12.00 í einnar og tveggja krónu peningum. Á vinstri úlnlið hins látna var arm-bandsúr. Þá kveður Ingólfur, að fót hins látna hafi öll farið eðlilega og ekkert hafi bent til þess, að hann hafi lent í einhverjum átökum.

Faðir Gunnars Sigurðar heitins, Tryggvi Jóhannesson, skýrði rannsóknarlögreglunni frá því, að Gunnar Sigurður heitinn hefði venjulega verið með tvö peningaveski við bifreiðarakstur og í öðru þeirra hafi tékkhefti hans verið auk peninga. Stundum hafi hann þó skilið annað veskið eftir heima og hafi hann þá verið með veskið, sem tékkheftið var í. Hann hafi ávallt geymt veski það, sem hann notaði við aksturinn, í brjóstvasa innan á jakka sínum. Tryggvi taldi, að það væri alveg öruggt, að Gunnar

Sigurður heitinn hefði verið með bæði peningaveskin á sér, þegar hann hóf akstur aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar, og vantaði því veski það, sem hann hafði í brjóstvasanum.

Guðmundur Erlendsson, lögreglumaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, áleit, að hið tóma skothylki, sem fannst í bifreiðinni, væri af stærðinni kaliber 32 úr hálf sjálfvirkri skammbyssu.

Umfangsmikil rannsókn hefur farið fram út af morðmáli þessu, og er henni enn eigi lokið. Beindist hún meðal annars að stefnanda máls þessa, því að föstudaginn 19. janúar 1968 um kl. 1420 óskaði Bjarki Elíasson, yfirlögreglumaður í Reykjavík, eftir því við yfirlögregluþjóninn í Keflavík, Sigtrygg Árnason, að stefnandi yrði handtekinn. Kl. 1430 voru þrír lögreglumenn í Keflavík sendir út að leita stefnanda. Eftir nokkra eftirgrennslan kom í ljós, að stefnandi hafði farið áleiðis til Reykjavíkur með áætlunarbíl kl. 1100 um morguninn. Þegar þetta lá fyrir, taldi Sigtryggur Árnason yfirlögregluþjónn, þar sem hann vissi um orsakir fyrir handtökuþeirri stefnanda, bera brýna nauðsyn til að gera húsleit í herbergi stefnanda að Hringbraut 65, Keflavík. Hafði hann um þetta samráð við Arnar Hinriksson, bæjarfógeta-fulltrúa á staðnum. Fór hann síðan við annan lögreglumann að Hringbraut 65, Keflavík. Fékk hann þar lykil að herbergi stefnanda hjá húsráðanda, og gerðu þeir lögreglumennirnir nákvæma leit í öllu, er þar var. Við leit þessa fundu þeir eftirfarandi:

„Leðurslíður utan af lítilli skammbyssu, áfast ólum til að spenna á sig undir handarkrika. Einnig fundum við vindlakassa með skotfærum, 330 stk., riffilkúlur, 22 k. löng. 24 haglaskot nr. 12 og 2 herriffilskot, stór, 8½ cm löng“. Allt þetta tóku þeir lögreglumennirnir í sínar vörzlur. Ekkert skotvopn fannst við leit þessa.

Kl. 1900 föstudaginn 19. janúar 1968 var stefnandi staddur á skósmiðastofu Gísla Ferdinandssonar hér í borg. Var honum þá tjáð, að kona nokkur hefði hringt og spurt eftir honum. Hringdi stefnandi þá til konu einnar, sem sagði honum, að lögreglan vildi ná tali af honum. Fór stefnandi þá þegar á lögreglustöðina í Reykjavík, en þaðan var hann færður í varðhald í hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9 hér í borg.

Laugardaginn 20. janúar kl. 1404 var stefnandi leiddur fyrir dómara til yfirheyrslu. Kom þar fram, að stefnandi var rennismiður að mennt, en atvinnulaus um þessar mundir. Hann var til heimilis að Hringbraut 65, Keflavík, fæddur 12. nóvember

1941 í Cedar Rapids, Iowa í Bandaríkjunum. Hann er bandarískur ríkisborgari. Stefnandi skýrði svo frá, að hann hefði verið í Reykjavík um helgina 14. janúar 1968. Mánudaginn 15. janúar hafi hann farið til Keflavíkur og dvalizt þar fram á miðvikudagsmorgun 17. janúar. Þá hafi hann farið til Reykjavíkur með áætlunarbifreið kl. 1100. Hafi erindi hans þangað verið að leita sér atvinnu og hann þá verið í vinnufötum. Síðan hafi hann aftur farið til Keflavíkur með áætlunarbifreið kl. 1530 sama dag og þá verið ætlan hans að ná sér þar í betri föt. Í Keflavík hringdi hann til konu, sem hann þekkir í Kópavogi og Hrafnhildur heitir, og bað hann hana að hitta sig á Miklartorgi hér í borg kl. 2100. Ætlaði hún að gera það. Hann fór síðan frá Keflavík með áætlunarbifreið kl. 2000 og fór úr bifreiðinni við Miklartorg um kl. 2115. Hrafnhildur var þá ekki komin, og beið hann hennar, þangað til hún kom um kl. 2200. Þau gengu síðan inn Miklubraut og inn á Lönguhlíð. Þar tóku þau leigubifreið, og vissi stefnandi ekki númer hennar og þekkti heldur eigi deili á stjórnanda hennar. Þau fóru í bifreiðinni að Hlíðargerði 8, þar sem stefnandi hafði herbergi á leigu. Stefnandi og Hrafnhildur dvöldust svo í herbergi hans þar til um kl. 0200 um nóttina.

Þá fóru þau bæði út og náðu í leigubifreið á Grensásvegi við Miklubraut. Stefnandi veit engin deili á bifreiðarstjóranum, en bifreiðin var af amerískri gerð, rauð og hvít. Hrafnhildur fór inn í bifreiðina og ók ein í henni í burtu, og gengur stefnandi út frá því, að hún hafi greitt ökugjaldið, en stefnandi gerði það ekki. Hann kvaðst síðan hafa gengið skemmstu leið heim til sín að Hlíðargerði 8 og farið að sofa í herbergi sínu. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinn mann eða konu, þegar þau Hrafnhildur fóru út úr Hlíðargerði 8 um nóttina eða þegar hann kom þangað aftur. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis þennan miðvikudag eða um nóttina.

Stefnandi kveðst svo ekki hafa vaknað fyrr en um hádegi á fimmtudag, það er 18. janúar 1968. Hafi hann þá náð í leigubifreið á Grensásvegi. Hann kannaðist ekki við bifreiðarstjóran, en bifreiðin var frá Borgarbílastöðinni, tegund Buick special. Fyrst hafi verið ekið í bifreiðinni heim til stefnanda, þar sem hann hafi náð í þvott, og síðan ekið að Lækjargötu 6, þar sem stefnandi fór úr bifreiðinni. Ökugjaldið var þá kr. 84.00 eða 86.00, að því er hann minnir. Stefnandi kveðst síðan hafa farið til kunningja síns, Gísla Ferdinandssonar skósmíðs, Lækjargötu 6, og dvalizt hjá honum að mestu fram undir kl. 1700. Þá hafi

hann farið í Gamla Bíó. Að því loknu hafi hann fengið sér að borða í veitingastofu í Lækjargötu. Þaðan fór hann í Landssíma-húsið og hringdi til Hrafnhildar, en gekk síðan suður í Umferðar-miðstöð. Þar dvaldizt hann, þangað til hann fór með áætlunar-bifreið til Keflavíkur kl. 2130. Þar heimsótti hann mann að nafni Jónas Jakobsson, sem á heima á Framnesvegi, og dvaldist hjá honum í eina klukkustund eða lengur. Síðan fór hann heim til sín að Hringbraut 65 í Keflavík og fór að sofa. Kl. 1100 föstudaginn 19. janúar 1968 fór hann með áætlunar-bifreið frá Keflavík til Reykjavíkur. Hann fór til Gísla Ferdinandssonar, skósmíðs í Lækjargötu 6, og var hjá honum öðru hverju til kl. 1700. Þá fóru þeir saman í Hafnarbíó og þaðan í skósmíðastofu Gísla. Afgreiðslukona, sem þar var, Anna að nafni, sagði stefnanda, að einhver kona hefði hringt og spurt eftir honum. Hringdi stefnandi þá til Hrafnhildar, sem sagði honum, að lögreglan vildi tala við hann. Fór hann þá þegar af stað á lögreglustöðina, en þaðan var hann færður í varðhald, svo sem áður greinir.

Stefnandi skýrði rannsóknardómaranum svo frá við þessa yfir-heyrslu, að hann hefði verið atvinnulaus síðan 1. desember 1967, en þar áður hafi hann unnið í Velsmiðju Olsens í Njarðvíkum. Rannsóknardómarinn spurði Nelson að því, á hverju hann hefði lifað, síðan hann varð atvinnulaus. Þeirri spurningu svaraði Nelson þannig: Þegar hann varð atvinnulaus 1. desember 1967 átti hann nokkur þúsund krónur, sem hann hafði sparað saman til að nota, ef í nauðir ræki, sennilega kr. 4.000.00 til kr. 5.000.00. Þá kveðst hann hafa fengið kr. 12.000.00 í skaðabætur frá amerísk-um hermanni, sem hafði slegið hann, og voru bæturnar greiddar fyrir milligöngu íslenskra yfirvalda á Keflavíkurflugvelli. Lög-reglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur staðfest með bréfi, að bætur þessar hafi verið 200.00 US dalir. Þá kvaðst Nelson hafa unnið eina nótt í síld í Njarðvík og fengið fyrir það kr. 1.400.00. Enn fremur kvaðst hann hafa fyrir um tveim til þrem vikum selt Hafsteini Jóhannssyni, eiganda bátsins Eldingar, logsuðu-tæki, er hann hafi átt, fyrir kr. 5.000.00. Loks kvaðst stefnandi hafa fengið lán, kr. 2.000.00, fimmtudaginn 18. janúar 1968 hjá manni einum í Keflavík, sem hann vildi ekki nafngreina.

Nelson kvaðst fyrst hafa komið til Íslands í september 1960 og þá verið hermaður í bandaríska hernum. Hann dvaldi svo öðru hverju hér á landi, meðan hann var í hernum. Hann gekk úr hernum í janúar 1965 og var þá í Bandaríkjunum. Hann kom til Íslands í maí 1965 og hefur dvalizt hér síðan. Þegar hann kom

til Íslands á árinu 1965 sem hermaður, hafði hann meðferðis marghleypu, Cold Copra, 38 cal., Snub Nose. Var hann þá kvæntur íslenzkri konu, Jónu Óladóttur að nafni, og þjuggu þau að Hávallagötu 29, Reykjavík. Konan varð vör við byssuna og mun hafa sagt lögreglunni frá henni. Kom lögreglumaður heim til Nelsons og sagði honum, að hann mætti ekki hafa byssuna utan Keflavíkurflugvallar. Fékk hann þá byssuna geymda hjá hernum á flugvælinum. Síðan seldi hann Sgt. Meyers byssuna. Hann segir, að þegar hann hafi keypt byssuna, hafi fylgt henni hulstur og belti, og keypti hann hana af lögreglumanni vestur í Californíu. Síðar kvaðst hann hafa keypt annað hulstur, sem hafi verið gert til þess að bera byssuna undir hendinni. Það hulstur keypti hann af fyrirtæki vestanhafs, sem selur ýmsan lögregluútbúnað. Hann bjó svo sjálfur til ólar við þetta hulstur. Þegar hann seldi Stg. Meyers byssuna, fylgdi hið upphaflega hulstur og belti, en hulstrið, sem hann keypti síðar, og ólarnar, sem hann bjó til, urðu eftir hjá honum, og á hann það til ennþá einhvers staðar í fórum sínum. Nánar aðspurður ætlaði hann, að hlutir þessir væru geymdir í ólæstri ferðatösku í læstu herbergi sínu að Hringbraut 65, Keflavík.

Kl. 1547 vék Nelson úr réttinum, og var gert hlé á þinghaldinu til kl. 1625, en þá var kveðinn upp gæzluvarðhaldsúrskurður yfir Nelson. Í gæzluvarðhaldsúrskurði þessum segir svo: „Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir nauðsyn til þera að rannsaka nánar sannleiksgildi framburðar Kenneth Dean Nelson í dóminum í dag, enda ekki örgrannt um, að hann hafi getað orðið Gunnari Sigurði heitnum að bana með byssuskoti og rænt hann á þann veg, að varði við 211. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrir því og að öðru leyti með tilvísun til 1., 3. og 4. töluliðs 67. gr. laga nr. 82/1961 þykir rétt að setja Kenneth Dean Nelson í gæzluvarðhald í allt að 7 dögum, eða til laugar dagsins 27. janúar n. k.“

Gísli Ferdinandsson kom fyrir sakadóminn hinn 22. janúar 1968 og skýrði þá meðal annars svo frá, að fyrir um 8 árum hafi stúlka að nafni Jóna Óladóttir unnið við afgreiðslu í skósmíðaverkstæði vitnisins að Lækjargötu 6 í Reykjavík. Stefnandi, sem þá hafi verið dyravörður í bandaríska sendiráðinu, hafi þá farið að heimsækja Jónu, og kvaðst vitnið þá fyrst hafa kynnt stefnanda. Stefnandi hafi síðan kvænt Jónu Óladóttur og hafi hún hætt að vinna hjá vitninu. Vitnið sá svo Nelson ekki í mörg ár, en rakst á hann fyrir um það bil einu ári á götu í miðborg

Reykjavíkur. Var hann þá skilinn við Jónu Óladóttur. Kom Nelson upp frá því við og við í skósmíðavinnustofu vitnisins. Í vikunni frá 14. til 19. janúar 1968 kvað vitnið Nelson hafa komið nokkrum sinnum í vinnustofu sína. Hafi hann þá talað um, að peningar sínir væru farnir að minnka, og haft orð á því, að hann þyrfti að leita sér að atvinnu og reyna að komast á togara. Vitnið minntist þess, að Nelson hafi komið í vinnustofu sína fimmtudaginn 18. janúar 1968. Hafi hann komið í leigubifreið og minnir, að klukkan hafi verið 1100, en þó sé tímasetning ónákvæm, því að vera megi, að hann hafi ekki komið fyrr en eftir kl. 1230. Þegar Nelson hafi komið, minnti vitnið, að þau Anna Nordal afgreiðslustúlka og Gylfi Haraldsson hefðu verið í vinnustofu vitnisins. Vitnið tók fram, að Gylfi Haraldsson hefði heyrt í útvarpsfréttum, að leigubifreiðarstjóri hafi þá snemma um morguninn verið skotinn til bana hér í borg. Kvaðst vitnið hafa sagt Nelson þessi tíðindi. Hafi hann þá brosað og ekki virzt trúa þessum orðum, en vitnið mundi ekki sérstaklega eftir því, hvort hann lét nokkur orð falla, er vitnið sagði honum tíðindi þessi. Þegar Nelson kom í þetta skipti, hafi hann haft meðferðis tösku og hún orðið eftir í vinnustofu vitnisins, en það hefði komið fyrir áður, að hann fengi að geyma tösku hjá vitninu um stundarsakir. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um það, hvenær Nelson hafi farið frá því þennan dag, en tók fram, að hann hafi að minnsta kosti farið fyrir kl. 1800, þegar vitnið lokar vinnustofu sinni. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir neinu óvenjulegu eða óeðlilegu í útliti eða hegðun Nelsons, þegar hann kom til vitnisins og dvaldist hjá því þennan dag. Þegar vitnið fékk kvaðningu um að mæta fyrir sakadómi, kvaðst það hafa athugað fyrrgreinda tösku, sem Nelson skildi eftir hjá því fimmtudaginn 18. janúar 1968. Hafi reynzt vera í henni óhreininn þvottur, transistor-tæki, skóbursti og skóáburður. Hafði vitnið tösku þessa meðferðis, er það mætti í dóminum. Tók dómarinn nefnda tösku og afhenti hana tæknideild rannsóknarlögreglunnar til nánari athugunar, en taskan var ólæst. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar athugaði nefnda tösku og taldi ekkert athugavert við hana eða innihald hennar.

Anna Elísabet Guðmundsdóttir Norðdal, afgreiðslustúlka hjá Gísla Ferdinandssyni, svo og Gylfi Haraldsson, skósmíðasveinn hjá Gísla Ferdinandssyni, hafa komið fyrir sakadóm Reykjavíkur og gefið skýrslu. Hafa þau bæði borið, að þau hafi ekki tekið eftir neinu óeðlilegu í fari stefnanda eða hann væri öðru vísi en hann

hefði venjulega verið. Að öðru leyti sýnist ekki ástæða til að rekja úr framburðum þessara vitna, þar sem þeir eru efnislega á sama veg og framburður Gísla Ferdinandssonar hér að framan og fara ekki í bága við það, sem stefnandi hefur þegar borið um ferðir sínar og dvöl á skósmíðaverkstæði Gísla Ferdinandssonar.

Kunningjakona stefnanda, Hrafnhildur, kom fyrir sakadóminn til vitnisburðar. Er vitnaskýrsla hennar um samveru þeirra stefnanda í samræmi við það, sem stefnandi hefur um þetta borið hér að framan.

Vitnið Hörður Björgvinsson verzlunarmaður, leigusali stefnanda að Hlíðargerði 8, Reykjavík, hefur borið, að milli kl. 0030 til 0100 aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968 hafi það farið fram í geymslu, sem er í útidyragangi hússins að Hlíðargerði 8. Hafi það þá séð, að há kuldastígvél voru í forstofunni, og hafi Nelson hlotið að eiga þau. Af því kvaðst vitnið hafa álitnið, að hann væri kominn í herbergi sitt, þó að vitnið hefði ekki orðið vart við komu hans. Kl. 0750 næsta morgun fór vitnið út og kvaðst þá hafa séð, að kuldastígvélin voru þarna á sama stað.

Vitnið Guðbjörg Karlotta Hjörleifsdóttir, eiginkona vitnisins Harðar Björgvinssonar, hefur borið fyrir sakadómi Reykjavíkur, að laust fyrir eða eftir miðnætti fimmtudaginn 18. janúar 1968 hafi Hörður Björgvinsson, eiginmaður sinn, þurft að fara fram í geymslu í forstofugangi íbúðarinnar að Hlíðargerði 8. Þegar hann hafi komið aftur, hafi hann sagt sér, að kuldastígvél væru í ganginum og hlyti Nelson, leigjandi þeirra, að vera kominn í herbergi sitt, en hvorugt hjónanna hafði orðið vart komu hans. Vitnið sagðist síðan hafa séð Nelson ganga fram hjá íbúð þeirra hjónanna frá húsinu, að því er vitnið taldi þennan sama fimmtudag, og hélt vitnið, að klukkan hafi þá verið orðin 1200, en ef til vill hafi klukkan ekki verið orðin svo mikið.

Hinn 23. janúar 1968 kom stefnandi fyrir sakadóm Reykjavíkur. Skýrði hann þá svo frá, að í september 1961 hafi hann kvænt íslenzkri stúlku að nafni Jóna Óladóttir. Hafi þau búið bæði í Bandaríkjunum og Reykjavík og eignast 3 börn saman. Þau hafi slitið samvistum um mánaðamótin febrúar marz 1964 og fengið lögskilnað um einu ári síðar. Nelson kvaðst ekki hafa gifzt annarri íslenzkri konu, en eftir þetta hafi hann verið trúlofaður stúlku að nafni Berta Rafnsdóttir og þau búið saman í Njarðvík frá því í desember 1965 til desember 1966. Hann kvaðst hafa unnið hjá Vélaverkstæði Olsens í Njarðvík hluta ársins 1966 og í þrjá mánuði, eða september til nóvember, 1967. Aðspurður

neitaði hann enn að nafngreina mann þann í Keflavík, er lánað hafi honum kr. 2.000.00 í vikunni áður.

Hinn 20. janúar 1968 átti Sigurður Sigurðsson, yfirvarðstjóri ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, tal við nokkra aðilja í Njarðvíkum og nágrenni, er þekktu til stefnanda. Voru viðtöl yfirvarðstjórans framkvæmd samkvæmt beiðni Björns Ingvars-sonar, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Sverrir Ólsen for- stjóri, Ytri-Njarðvík, skýrði þá svo frá, að Nelson hefði unnið í vélsmiðju sinni af og til árið 1967. Hafi hann hafið vinnu snemma á árinu og hætt um mánaðamótin nóvember og desember. Í nóvembermánuði hafi einn starfsmaður í verkstæðinu sagt sér, að Nelson gengi með byssu. Færi hann ekki dult með hana og hefði sýnt ýmsum. Kvaðst Sverrir hafa athugað þetta nánar og séð, að Nelson var með skotbelti yfir axlirnar eða eitthvað því um líkt. Undir vinstri handarkrika hafi verið hulstur fyrir byss- una og hafi Nelson stungið henni þar upp undir, er hann gekk með hana. Kvaðst Sverrir hafa séð hann hlaða byssuna og taldi líklegt, að hann hefði gengið með hana hlaðna, vildi þó ekkert fullyrða um það. Sverrir taldi Nelson hafa gengið með byssuna á sér eina 5 daga og hafi hann þá hætt því samkvæmt sinni ósk. Hann kvaðst hafa litið á þennan byssuleik Nelsons sem einn þátt af hans undarlegheitum, en sér hafi virzt hann í flestum tilfellum vera öðruvísi stemmdan en annað fólk. Hafi Nelson oft látið í það skína, að hann ætti nokkrar byssur, einar fjórar eða fimm, og kvaðst Sverrir minnst þess, að hann segðist eiga eina ítalska. Hafi sér skilizt á honum, að hann geymdi byssurnar í herbergi sínu, sundurrifnar. Ekki vissi hann til þess, að Nelson hafi sýnt starfsmönnum í verkstæðinu byssur þessar, og ekki vitað, hverrar tegundar þær væru. Byssa sú, sem Nelson hafði borið á sér, hafði verið lítil og í svörtu leðurhulstri, sennilega cal. 22.

Karl Ásgrímsson, Ytri-Njarðvík, og eiginkona hans upplýstu Sigurð Sigurðsson yfirvarðstjóra um eftirfarandi: Nelson hefði bú- ið í risíbúð yfir íbúð Karls árið 1966. Í nóvember það ár hafi eigin- kona hans farið frá honum vegna ósamkomulags þeirra hjóna. Hafi Nelson síðan búíð einn í íbúðinni fram í febrúar 1967. Eiginkona Karls sagðist hafa orðið vör við, að Nelson hafi verið ofsafenginn í skapi. Kveðst hún eitt sinn hafa heyrt hann segja við eigin- konu sína, á meðan þau bjuggu saman, að hann ætti byssu. Hefði þetta komið fram í einu skapofsakasti hans. Eiginkona Karls Ásgrímssonar segist hafa heyrt eitt kvöld rétt eftir áramótin

1967 þrjá til fjóra skothvelli í íbúð Nelsons. Segist hún hafa orðið hrædd og ekki þorað að athuga þetta neitt nánar. Eftir að Nelson hafði flutzt úr íbúðinni, hafi hún eitt sinn verið að taka til í henni ásamt fyrrverandi eiginkonu Nelsons. Hafi þær þá fundið barnabangsa með nokkrum skotgötum í gegnum höfuð og maga. Einnið hefðu þær veitt því athygli, að skotgat eða göt voru á gluggarúðu í íbúðinni.

Ásmundur Þórarinsson, Ytri-Njarðvík, gaf þær upplýsingar, að Nelson hefði borðað á heimili sínu um tíma árið 1967. Einu sinni hafi hann orðið var við, að Nelson hafði haft byssu innan klæða. Kvaðst Ásmundur hafa innt hann eftir ástæðum fyrir slíku og hefði Nelson þá sagzt vera að koma frá Vogastapa, þar sem hann hefði verið að skjóta úr byssunni.

Birgir Ólsen, Ytri-Njarðvík, starfsmaður í Vélsmiðju Olsens, segist hafa séð byssu hjá Nelson haustið 1967, er hann vann í vélsmiðjunni. Hafi þetta verið lítill skammbyssa í svörtu leðurhulstri, sennilega kaliber 22. Í einum matartímanum hafi Nelson tekið upp á því að skjóta í mark úr henni inni í vélsmiðjunni. Segir Birgir, að Nelson hafi gefið í skyn við starfsmenn í vélsmiðjunni, að hann ætti einar fjórar byssur, en hverrar tegundar, vissi Birgir ekki. Sér hafi fundizt Nelson vera mjög dularfullur og undarlegur í háttum.

Berta Rafnsdóttir, fyrrverandi sambýliskona Nelsons, skýrði yfirvarðstjóranum svo frá, að hún hefði fundið barnabangsa sundurskotinn í íbúð sinni, eftir að Nelson hafði verið farinn þaðan út. Einnig staðfesti hún, að skotgöt hafi verið á einni gluggarúðu. Yfirvarðstjórinn skoðaði ýmislegt smádót, sem Nelson hafði skilið eftir í íbúð þeirra. Voru föggur Nelsons í einum bréfpoka og tveim pappakössum. Var hér æðallega um að ræða gamlan fatnað, en í botninum á öðrum pappakassanum fundust nokkrir tugir af nefndum skothylkjum. Berta kvaðst hafa slitið sambúð við Nelson í nóvember 1966 vegna ósamkomulags þeirra. Hafi hún þá flutt frá honum með ungt barn, sem þau áttu.

Stefnanda voru kynntir framburðir þessa fólks hér að framan. Hafði hann ekkert sérstakt að athuga við frásögn Sverris Ólsens. Hann kvaðst hafa verið fimm daga í nóvember 1967 með byssu á verkstæðinu og verið að gera við hana fyrir kunningja sinn, sem sé Íslendingur. Hann neitaði að nafngreina mann þennan og kvaðst gera það til að forða honum frá því að lenda í vandræðum. Hafi þetta verið sjálfvirk skammbyssa af gerðinni Breda, kal. 22. Hulstrið, sem Ólsen tali um, sé sama hulstrið og hann

hafi borið um í dóminum laugardaginn 20. janúar 1968. Nelson kvað það geta verið rétt, að hann hafi einhvern tíma sagt sambyliskonu sinni, Bertu Rafnsdóttur, að hann ætti byssu. Þetta hafi hann ekki sagt, er þau hafi verið að deila sín í milli, heldur í samtali út af herþjónustu hans. Hér hafi hann átt við riffil, sem hann hafði að láni. Hafi riffill þessi verið kaliber 22. Hann kvaðst nokkrum sinnum hafa skotið úr honum í skotmark inni í íbúðinni. Fyrir framan skotmarkið hafi ekki verið barnabangsi, heldur stytta af manni, sem hann hafði að marki. Það kunni að vera, að göt eftir kúlu hafi verið í glugga í íbúðinni af hans völdum, en hann tók fram, að glugginn hafi snúið á haf út. Stefnandi kvað það ekki rétt, að hann hafi gefið í skyn við starfsmenn í Vélsmiðju Olsens, að hann ætti margar byssur, heldur að hann hefði átt margar byssur. Hann kvaðst aðeins hafa átt eina skammbyssu hér á landi og sé það sú, er hann hafi selt Sgt. Meyers, svo sem hann hefur áður skýrt frá. Hann sagði, að hin tæmdu skothylki, sem verið hefðu neðst í öðrum pappakassanum, sem fundizt hafi í geymslu í íbúð þeirra Bertu Rafnsdóttur, hafi verið úr skammbyssu, sem fyrrverandi eiginkona hans, Jóna Óladóttir, hafi selt vestur í Californíu árið 1962. Þetta hafi verið byssa af tegundinni Ruger Black Hawk, kaliber 44. Byssu þessa hafi hann aldrei komið með til Íslands. Tómu skothylkin hafi hann komið með hingað til lands og þau verið í sjópoka hans, er hann kom hingað 1963.

Staðfest hefur verið, að stefnandi hafi selt fyrrgreind logsuðutæki 2. janúar 1968 fyrir kr. 5.000.00.

Þriðjudaginn 23. janúar 1968 kl. 1400 var gerð húsleit í herbergi stefnanda að Hlíðargarði 8, Reykjavík. Í herberginu fundust engin skotvopn eða skotfæri. Þar var hins vegar ein taska, sem var læst. Var farið með tösku þessa niður í hegningarhús, þar sem stefnandi opnaði hana sjálfur með lykli, sem hann hafði. Í töskunni voru hvorki skotvopn né skotfæri né annað grunsamlegt.

Hinn 23. janúar 1968 um kl. 1330 var framkvæmd parafínprófun á höndum stefnanda í þeim tilgangi að sannreyna, hvort hann hefði hleypt af byssu með berum höndum nýverið. Var prófunin þannig framkvæmd, að greiparhluta handanna var difið í skál með bráðnu, fljótandi parafíni. Myndaðist við það parafín húð utan á hendurnar, en þeirri húð er ætlað að taka af höndunum allar efnisagnir, sem þar eru, ósýnilegar berum augum. Parafínkápurnar af höndum stefnanda voru bornar þar til gerðu

efni, sem gerði litasvörun, ef á höndunum væri brunnið byssu-púður eftir skot, en um enga svörun var að ræða.

Hinn 24. janúar 1968 kom stefnandi enn fyrir sakadóminn. Ítarlega aðspurður hélt hann fast við fyrri framburð sinn í dóm-inum frá laugardeginum 20. sama mánaðar, þess efnis, að eftir að hann skildi við Hrafnhildi við mót Miklubrautar og Grensás-vegar aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968, hafi hann gengið rakleitt að Hlíðargerði 8 og lagzt til svefns þar í herbergi sínu og ekki farið út þaðan, fyrr en komið var fram undir hádegi. Var stefnandi síðan látinn laus úr gæzluvarðhaldi kl. 1038 mið-vikudaginn 24. janúar 1968.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð frá lögreglustjóranum í City of Cedar Rapids, Iowa, fæðingarborg stefnanda, þar sem fram kemur, að stefnandi sé ekki á skrá hjá lögreglunni þar í borg yfir glæpamenn.

Svo sem vikið er að í upphafi dóms þessa, fannst skothylki í bifreiðinni R 461, er komið var að henni eftir morðið. Leiddi rannsókn sérfræðinga til þess álits, að kúlunni hefði verið skotið úr skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson, kalíber 35. Þessar byssur eru mjög sjaldgæfar. Hinn 7. marz 1969 fannst skamm-byssa af þessari gerð í mælaborði leigubifreiðar einnar hér í borginni. Bifreiðarstjóri þessarar leigubifreiðar var með úrskurði 8. marz 1969 úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald af þessu til-efni.

Við rannsókn, er fram fór á vegum skotfærarannsóknarstofu F. B. I. í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, kom í ljós, að skothylkið, sem fannst í leigubifreiðinni R 461, hafði verið skotið úr byssu þeirri, er fannst í mælaborði leigubifreiðar þeirrar, sem minnzt var á.

Stefnandi telur sig eiga rétt til bóta vegna gæzluvarðhalds að ósekju samkvæmt 18. kafla laga nr. 82/1961. Hann telur sig algerlega saklausan af verknaði þeim, sem hann hafi verið úr-skurðaður í gæzluvarðhald vegna. Hann hafi ekkert þekkt til hins myrta eða nokkurs þess, sem honum við kom. Dómsrann-sóknin staðfesti það, að stefnandi hafi hvergi komið nærri þessu máli. Allt, sem hann hafi sagt í rannsókn málsins um sig og sína hætti, hafi verið staðfest. Hann hafi enga byssu né skotfæri haft undir höndum og hafi það verið staðfest með húsleit á þeim stöðum, sem stefnandi hafi geymt föggur sínar. Hann hafi gert grein fyrir þeirri einu skammbyssu, sem hann hafi haft nokkru áður undir höndum til viðgerðar fyrir Íslending nokkurn. Sú

byssa hafi verið af kaliber 22 og hafi hann skotið af henni til reynslu á verkstæði Ole Olsens í Ytri-Njarðvík. Byssa sú, sem Gunnar heitinn Tryggvason hafi verið myrtur með, hafi hins vegar verið af kaliber 35. Ekki verði séð af dómsrannsókninni í máli þessu, af hvaða ástæðum grunur lögregluvaldsins beinist svo mjög að stefnanda, að talin væri ástæða til að handtaka hann einan og úrskurða hann í gæzluvarðhald. Rannsókn málsins virðist ekki réttlæta þær aðgerðir, þar eð ekki verður séð annað en unnt hefði verið að athuga þau atriði, sem rannsóknin beindist að, án þess að setja hann í gæzluvarðhald.

Stefnandi bendir á, að hann hafi verið atvinnulaus frá því í endaðan nóvember 1967 fram að því, er morðið var framið. Hafi dómsrannsóknin því beinzt að því, á hvern hátt stefnandi gæti gert grein fyrir lífsafkomu sinni þennan tíma. Það hafi hann gert svo vel, að eigi sé sanngjarnt að telja, að féleysi hans hafi verið mótið, því að auk þess að eiga eftir nokkuð kaup hafi hann hinn 30. nóvember 1967 fengið 200 dollara í skaðabætur og selt logsuðutæki fyrir kr. 5.000.00. Hvort tveggja þetta hafi verið staðfest við rannsókn málsins. Á þessum tíma hafi hann og verið að leita sér að atvinnu og haft í huga að komast á togara.

Stefnandi hafi verið staddur í Reykjavík hina örlagaríku nótt og sofið í herbergi, er hann hafi haft á leigu í Hlíðargarði 8 hér í borg, og fær hann ekki betur séð en dómsrannsóknin staðfesti, að skýrsla hans um ferðir sínar og verustaði nóttina, sem morðið var framið, hafi verið staðfest.

Stefnandi telur, að hann hafi sætt gæzluvarðhaldi að ósekju í mjög stórfelldu afbrotamáli, sem hann hafi hvergi nærri komið. Telur hann því sig eiga rétt á bótum fyrir fjárhagstjón og miska, er hann hafi orðið fyrir. Gæzluvarðhaldsvist í svo stórfelldu afbrotamáli hafi orðið sér svo stórfelldur álitshnekkir, að það hafi valdið honum miklum vandræðum að fá vinnu. Hann hafi einnig orðið fyrir því, að fólk hafi orðið hrætt við hann, vegna þess að hann hafi með gæzluvarðhaldsvistinni verið tengdur við mál þetta.

Kröfuupphæðina kveðst stefnandi hafa ákveðið með hliðsjón af bótum, sem dæmdar hafa verið til handa mönnum, sem orðið hafa fyrir því að verða settir í gæzluvarðhald að ósekju í heima-landi hans, Bandaríkjum Norður-Ameríku, en stefnandi er bandarískur ríkisborgari, svo sem áður greinir.

Að endingu áréttrar stefnandi kröfur sínar með því, að hann eigi fjögur börn hér á landi, og geri það málið miklu viðkvæmara.

Vegna framtíðar þeirra sé sér nauðsyn á, að nafn sitt verði hreinsað af öllum áburði í sambandi við morðmálið, en það verði ekki gert, nema sér verði dæmdar bætur vegna gæzluvarðhalds að ósekju í málinu.

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að honum þyki einsætt, að stefnandi fullnægi ekki í þessu máli skilyrðum 150. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. Í annan stað virðist stefnda sem krafa stefnanda muni vera fyrnd samkvæmt 157. gr. téðra laga.

En jafnvel þó að dæmdar yrðu einhverjar bætur, þá telur stefndi, að hafa beri í huga, að stefnandi hafi einungis verið fjóra daga í gæzluvarðhaldi, sem sé það stuttur tími, að ekki geti verið um neitt fjárhagstjón að ræða og ekki heldur miska að neinu ráði og ekki umfram það, sem segja meg, að stefnandi hafi að vissu leyti gefið tilefni til, án þess þó að því sé haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi sé hinn seki í málinu. Gæzluvarðhaldið hafi hvorki verið lengra né harkalegra heldur en efni hafi staðið til.

Þá bendir stefndi sérstaklega á það, að það sé óhæfa af stefnanda að krefjast þess, að bætur verði ákveðnar eftir bandarískum lagavenjum og fjárhæð þeirra tekin í bandarískri mynt. Hér verði að sjálfsögðu að miða bætur við íslenzkan gjaldmiðil, ef einhverjar bætur verða á annað borð dæmdar stefnanda.

Ekkert er fram komið í málinu, er styður það, að stefnandi hafi gerzt sekur um þann svívirðilega verknað, er varð tilefni þess, að hann var úrskurðaður í gæzluvarðhald laugardaginn 20. janúar 1968, en í gæzluvarðhaldinu sat hann til miðvikudagsins 24. janúar 1968. Af þessum sökum á stefnandi rétt til bóta úr ríkissjóði vegna gæzluvarðhalds að ósekju, sbr. 150. gr., 152. gr. og 155. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála, enda verður eigi á það fallið, að bótakrafa stefnanda sé fyrnd, þar sem rannsókn framangreinds morðmáls stendur enn yfir.

Stefnandi hefur sett að hér á landi og stundar hér atvinnu. Verður hann því að sæta bótageiðslum í samræmi við íslenzk lög og rétt, enda þótt hann sé bandarískur þegn. Á hann því eigi rétt á greiðslu bóta í annarri mynt en íslenzkri.

Þegar það er virt, að stefnandi var úrskurðaður í gæzluvarðhald að ósekju vegna rannsóknar á morðmáli, og tími sá er hafður í huga, sem hann sat í gæzluvarðhaldi, en þess er jafnframt gætt, að rannsóknin gegn stefnanda var eigi með öllu gerð að tilefnislausu vegna undanfarandi hegðunar hans, svo og það, að hann

neitaði að nafngreina eiganda skammbyssu þeirrar, er hann hafði undir höndum í Vélsmiðju Olsens í Ytri-Njarðvík haustið 1967, þá þykja bætur til handa stefnanda vegna gæzluvarðhalds að ósekju hæfilega metnar kr. 120.000.00 og greiðist úr ríkissjóði ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnanda málskostnað úr ríkissjóði samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kenneth Dean Nelson, kr. 120.000.00 í bætur vegna gæzluvarðhalds að ósekju ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1968 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 17. desember 1969.

Nr. 156/1968. **Elín B. Jensen** (Jón Bjarnason hrl.)

gegn

**Ingólfi Fr. Hallgrímssyni** og

**Ingu Jónsdóttur** (Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðildarskortur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1968. Krefst hún sýknu af kröfum stefndu í máli þessu og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.